


Glerhlaupslos í auga

Glerhlaup er gegnsætt og gelkennt efni sem fyllir augað að innan aftan við augastein. Sjónhimnan þekur innra borð augans og er samsett úr ljósnemum. Þeir nema ljósið sem berst inn í augað og senda skilaboð til heilans þar sem úrvinnsla taugaboða fer fram. Glerhlaupslos verður þegar glerhlaupið skreppur saman sökum hrörnunar og skilur sig frá sjónhimnunni. Glerhlaupslos er yfirleitt góðkynja fyrirbæri sem ógnar ekki sjón.



Hverjir fá glerhlaupslos?

Glerhlaupslos er algeng og eðlileg breyting sem kemur fram á fullorðinsárum. Algengast er að það gerist eftir sextugt en líkur aukast með hækkandi aldri. Það þekktist þó einnig hjá yngra fólki. Glerhlaupslos er algengara hjá þeim sem eru nærsýnir og það getur einnig komið í kjölfar áverka eða eftir augnaðgerð t.d. augasteinaskipti. Glerhlaupslos, sem byrjar í öðru auganu kemur oftast einnig fram í hinu auganu, yfirleitt innan tveggja ára.

Hver eru einkennin?

Helstu einkenni eru flygsur og blossom sem fólk sér. Flygsur eru hreyfanleg dökk óhreinindi í sjóninni, gjarnan lýst sem pöddum, köngulóarvef, rykkornum eða hringlaga blettum. Það er eðlilegt að hafa stöku flygsur en skyndileg fjölgun þeirra er oftast fyrsta einkenni glerhlaupsloss. Meðan glerhlaupið er að losna geta komið fram ljósblossar vegna togs á sjónhimnuna. Ljósblossar sjást gjarnan í jaðarsjóninni og eru yfirleitt meira áberandi í myrkri. Sumir upplifa lítil eða engin einkenni. Glerhlaupslos veldur aldrei verk í auga.

Hverjar eru horfurnar?

Glerhlaupslos stendur yfirleitt í 1-2 mánuði og er mælt með tíma hjá augnlækni til eftirfylgdar að þeim tíma liðnum. Hjá flestum ganga einkenni til baka að öllu eða mestu leyti en það getur tekið þrjá mánuði eða lengur. Í einstaka tilfellum eru viðvarandi flygsur áfram sem trufla verulega sjónina og þá kemur til greina að gera aðgerð til að fjarlægja glerhlaupið.

Hvað ber að varast?

Í einstaka tilfellum meðan glerhlaupið er að losna frá geta koma fram fylgikvillar sem geta valdið varanlegum sjónskaða og því er mikilvægt að bregðast skjótt við. Má þar helst nefna ef rífa eða gat myndast í sjónhimnunni sem getur valdið sjónhimnulosi. Slíkt getur gerst ef tog á sjónhimnu er afar kröftugt. Rífu er hægt að meðhöndla með laser á göngudeild og koma þannig í veg fyrir sjónhimnulos. Sjónhimnulos þarf hins vegar að meðhöndla brátt með aðgerð til að koma í veg fyrir varanlegt sjóntap. Því er mikilvægt að augnlæknir skoði alla sem fá einkenni um glerhlaupslos þ.e. flygsur og blossa til að útiloka að það hafi myndast rífa og los.

Ef eftirtalin einkenni versna er nauðsynlegt að fara aftur í skoðun því þau geta bent til rífu eða sjónhimnuloss:

- Nýjar flygsur koma fram, sérstaklega ef birtast margar smáar svartar doppur sem líkjast piparkornum og eru mögulega svo mörg að erfitt er að telja þau.
- Blossarnir ágerast, sérstaklega ef þeir verða sjáanlegir í góðu ljósi eða dagsbirtu.
- Svartlitað eða gráleitt ógegnsett tjald kemur fram. Getur komið frá hvaða hlið sem er og getur minnkað og aukist á víxl yfir daginn.

Mikilvægt er að fylgjast vel með einkennum á meðan glerhlaupið er að losna frá. Mælt er til þess að fólk horfi reglulega á hvítan vegg með hitt augað hulið og meti hvort einhver breyting hafi átt sér stað.

Símanúmer

Ef eitthvað af ofangreindum einkennum kemur fram er hægt að hafa beint samband við vakthafandi lækni á augndeild Landspítala. Á virkum dögum milli klukkan 8-16 er hægt að hafa samband við göngudeild augndeildar (543 7110) en utan þess tíma í gegnum skiptiborð Landspítala (543 1000).

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
FEBRÚAR 2021
LSH-1850

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR AUGNLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI DAG- OG
GÖNGUDEILDAR AUGNLÆKNINGA

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD